

# VERKEFNISSTJÓRN UM RAFORKUSTRENG

## 1. fundur

**Fundartími og staður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, 12. desember 2014 kl. 10.00-12:00.

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Ragna Árnadóttir og Þórður Guðmundsson. Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar, ritaði fundargerð.

**Gestir:** Magnús Júlíusson frá Orkustofnun sat þann hluta fundarins sem varðaði verkefni Orkustofnunar.

### Dagskrá:

1. Umræður um hlutverk verkefnisstjórnar.
2. Yfirlit yfir stöðu verkefna sem ýtt hefur verið úr vör eða verið er að ýta úr vör.
3. Önnur mál.

### Fundargerð:

#### 1. Umræður um hlutverk verkefnisstjórnar

IMP kynnti dagskrá fundarins og voru ekki gerðar athugasemdir við hana. Í umræðum um hlutverk verkefnisstjórnar vísaði IMP til svars iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn sem Össur Skarphéðinsson lagði nýlega fram á Alþingi varðandi málefni sæstrengs (168. mál). Þar er lýst þeim verkefnum sem verið er að ýta úr vör og tekið fram að „til að hafa yfirumsjón með framgangi framangreindra verkefna verður á næstu dögum skipuð verkefnisstjórn. Hlutverk verkefnisstjórnar verður að sjá til þess að unnið sé að framangreindum verkefnum og að upplýsa ráðherra reglulega um stöðu mála.“. Í ræðu ráðherra á haustfundi Landsvirkjunar 25. nóvember sl. var hlutverk verkefnisstjórnar einnig útlistað með samskonar hætti.

Fram kom að ekki sé gert ráð fyrir að sérstakt erindisbréf verði gefið út fyrir verkefnisstjórnina. IMP kom einnig inn á að ekki væri litið svo á að aðilar í verkefnisstjórninni væru þar sem sérstakir fulltrúar sinna fyrirtækja, eða til að gæta hagsmuna sinna fyrirtækja. Auk framangreinds umsjónarhlutverks sé markmiðið með skipun verkefnisstjórnar að koma á fót samskiptavettvangi til að tryggja að boðleiðir séu greiðar og upplýsingar berist á milli manna um ýmislegt það er varðar málefni raforkustrengs.

Fundarmenn fjölluðu almennt um hlutverk sín og verkefnisstjórnar og lögðu áherslu á að stuðla að greiðum upplýsingaskiptum. Rætt var að tekin verður afstaða til þess hverju sinni hvort gögn sem lögð eru fram á fundi verkefnisstjórnar beri að meðhöndla sem trúnaðarupplýsingar eða ekki.

## 2. Yfirlit yfir stöðu verkefna sem ýtt hefur verið úr vör eða verið er að ýta úr vör

IMP greindi frá því að í kjölfar nefndarálits atvinnuveganefndar frá 30. janúar 2014, um skýrslu ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu, hafi innan ráðuneytisins verið unnið að kortlagningu þeirra verkefna sem tilgreind eru í nefndarálitinu að vinna þurfi frekar. Búið er að stilla þeim verkefnum upp sem átta skilgreindum verkefnum. IMP dreifði skjali með lýsingu á þessum átta verkefnum og stöðu hvers og eins („Verkefni í kjölfar nefndarálits atvinnuveganefndar um raforkustreng til Evrópu“). Á fundinum var farið yfir þessi verkefni, sbr. neðangreint.

### *1. Frekara mat á áhrifum á atvinnulíf og iðnað og mat á umhverfiskostnaði, á grundvelli kostnaðar- og nytjagreiningar.*

Umræða var um fyrsta verkefnið sem jafnframt felur í sér mestan kostnað og er útboðsskylt. Unnið er að undirbúningi útboðs með Ríkiskaup og ráðgert að útboðið fari fram í byrjun janúar. Rætt var um forsendur verkefnisins, t.a.m. raforkuverð. Nefndarmenn lögðu til að verkefnið yrði víkkað þannig að metinn yrði heildarábati af sæstreng, m.a. með tilliti til orkuöryggis. Með því móti væri betur hægt að taka heildstæða ákvörðun á grundvelli niðurstöðu greiningarinnar. Samþykkt var að fyrirbyggjandi útboðslýsing (í skjalinu sem lagt var fram) fari til skoðunar innan Landsvirkjunar og Landsnets og ábendingum komið á framfæri áður en gengið er frá útboðslýsingu með Ríkiskaupum.

### *2. Framkvæma umhverfismat samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.*

IMP útskýrði að skýrsla ráðgjafarhóps sem skiluð var ráðherra 2013 var ekki talin tæk í umhverfismat áætlana skv. lögum nr. 105/2006, þar sem ekki var um framkvæmdaáætlun að ræða. Rætt var um að þetta verkefni kæmi síðar í röðina þegar komin er betri mynd á áætlun stjórnvalda.

### *3. Meta raforkuþörf innlendra fyrirtækja, stóriðju og til nýrrar atvinnusköpunar á næstu árum.*

### *4. Meta hvað þurfi að byggja af virkjunum og úttekt á mögulegri bættri nýtingu virkjana, sem og til hvaða virkjunarkosta kæmi vegna sölu á rofku um sæstreng.*

Magnús Júlíusson frá Orkustofnun kynnti stöðu verkefna 3 og 4, sem falin hafa verið stofnuninni í samvinnu við ráðuneytið. Orkustofnun hefur hug á að setja saman verkefnahóp sem vinna myndi bæði verkefnin. Í þeim hóp yrðu fulltrúar frá Samtökum iðnaðarins, Landsvirkjun, Íslandsstofu og Landsneti. Einnig væri gert ráð fyrir aðkomu orkuspárnefndar. Mikilvægustu grunnáætlanir sem tengjast þessu verkefni er spá orkuspárnefndar, rammaáætlun og kerfisáætlun. MJ tilkynnti að stofnunin hafi hitt framangreinda aðila og kynnt þeim verkefnið, en að öðru leyti væri vinna ekki hafin. Umræða var um hvort Landsvirkjun, sem starfar á samkeppnismarkaði, geti tekið þátt hvað varðar skoðun á uppbyggingu annarra raforkufyrirtækja (verkefni 4). Fundarmenn voru sammála um að rétt væri að víkka út verkefni 4 þannig að það taki einnig til greiningar á áhrifum sæstrengs á flutningskerfi raforku, þ.e. hvaða uppbygginga er þörf í flutningskerfinu með eða án sæstrengs.

### *5. Úttekt á sviðsmyndum um þróun orkumarkaðar í Evrópu.*

Greint var frá því að verkefni þetta er í höndum atvinnuvegaráðuneytisins. Stefnumótun ESB til ársins 2030 er í mótun og fylgist ráðuneytið grannt með þeirri þróun og er verkefnið í vinnslu.

6. *Úttekt sem snýr að tæknilegum atriðum varðandi lagningu sæstrengs og mögulegri aðkomu mótaðila.*

Fram kom að starfandi er tæknihópur sem Landsnet, Landsvirkjun og National Grid hafa komið að, varðandi tæknileg atriði sæstrengs. Nokkur umræða var um hlutverk annars vegar Landsnets og hins vegar Landsvirkjunar í slíkri vinnu, sem og aðkoma stjórnvalda. Fundarmenn voru sammála um að nauðsynlegt væri að undir verkefni 6 yrði einnig tekin til skoðunar framkvæmda-, rekstrar- og viðskiptaáhætta af lagningu sæstrengs og rekstri. Slík áhættugreining myndi meta bæði tæknilega og markaðslega áhættu verkefnisins.

7. *Reynsla Norðmanna verði skoðuð sérstaklega.*

Greint var frá því að þetta verkefni er í höndum ráðuneytisins og er í vinnslu. Kemur inn á ýmis önnur verkefni að framan.

8. *Mat á nýtingu jarða og rekstri smærri virkjana.*

Fram kom að áhugavert væri að skoða rekstur smávirkjana í tengslum við hærra raforkuverð með tilkomu sæstrengs. Meta þarf hvert umfang smærri virkjana gæti orðið. Orkustofnun mun skoða þann þátt, en hugsanlegur ábati kemur inn í verkefni 1 um mögulegan heildarábata af lagningu sæstrengs.

3. Önnur mál

Undir liðnum önnur mál var stuttlega rætt um stöðu sæstrengsverkefnis gagnvart Projects of Common Interest (PCI).


*Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 12.00.*

Gögn afhent á fundi:

-Dagskrá 1. fundar verkefnisstjórnar um raforkustreng.

-Samantekt ANR: „Verkefni í kjölfar nefndarálits atvinnuveganefndar um raforkustreng til Evrópu“.

- Svar iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Össuri Skarphéðinssyni um skoðun á lagningu sæstrengs (þingskjal 420).



# VERKEFNISSTJÓRN UM RAFORKUSÆSTRENG

## 2. fundur

**Fundartími og staður:** ANR - 4. febrúar 2015 kl. 14.00.

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Þórður Guðmundsson og Ragna Árnadóttir. Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar, ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Fundargerð 1. fundar
2. Útboðslýsing vegna mats á áhrifum raforkusæstrengs (kostnaðar- og nytjagreining).
3. PCI – staða mála
4. Önnur mál

### Fundargerð:

1. Fundargerð 1. fundar.

Fundargerð frá fyrsta fundi var samþykkt án athugasemda.

2. Útboðslýsing vegna mats á áhrifum raforkusæstrengs (kostnaðar- og nytjagreining).

IMP dreifði til fundarmanna drögum að útboðslýsingu vegna hagfræðilegs mats á áhrifum raforkusæstrengs, sem er í vinnslu með Ríkiskaupum. Fram kom hjá IMP að farið hefði verið eftir ábendingum fundarmanna á síðasta fundi, og útboðslýsing útvíkkuð þannig að hún næði yfir það að meta bæði heildarábata og kostnað vegna verkefnisins.

ÞG var með athugasemdir um kafla 4 (tæknilýsing) sem honum fannst vera of almennt orðaður og þyrfti að vera skýrari. Benti á að mat á umhverfiskostnaði væri t.d. erfitt að meta og gæti tekið yfir alla rannsóknina. Sömuleiðis væri ekki rétt að hliðaráhrif, svo sem nýjar virkjanaframkvæmdir, teldust til umhverfiskostnaðar sæstrengs, ekki fremur en hjá öðrum verkefnum sem nýta raforku. RÁ benti á að betur færi að hafa skýrari texta og beinar spurningar. IMP tók undir þessar ábendingar en benti á að textinn væri unninn út frá nefndaráliti atvinnuveganefndar sem væri nokkuð almenns eðlis. Ástæða væri til þess að skerpa textann og skýra eftir því sem kostur er, þannig að útboðið verði markvissara sem og kröfur til niðurstaða. ÞG lagði fram hugmyndir að ítarlegri texta í kafla 4. Rætt var um mikilvægi þess að hafa hlutleysi í verkefnalýsingunni, gagnvart mögulegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum sæstrengs.

Eftir umræðu um texta í 4. kafla var ákveðið að ÞG myndi senda sitt skjal til RÁ sem myndi vinna ofan í þann texta og senda síðan skjalið á IMP. Í framhaldi af því verður textanum síðan varpað á milli aðila

innan verkefnisstjórnarinnar með það fyrir augum að styrkja hann og skýra, m.a. með því að bæta við beinum spurningum. Stefnt er að því að ljúka textavinnunni á næstu dögum.

### 3. PCI – staða mála

Þann 13. janúar s.l. sendu íslensk stjórnvöld þá yfirlýsingu til framkvæmdastjórnarinnar að þau styddu það að íslensk-breskur raforkustrengur yrði metinn sem mögulegt PCI verkefni (e. *Projects of common interest*). En jafnframt var sá fyrirvari settur að í þessari yfirlýsingu fælist ekki stuðningur stjórnvalda við verkefnið sem slíkt, enda ekki tímabært að gefa slíkt út.

ESG sagði frá ferð á fund svæðishópa Evrópusambandsins (e. *Electricity cross-Regional Group meeting*) í Brussel þann 26. janúar. Fulltrúi Landsvirkjunar var einnig viðstaddur þennan fund. Á fundinum var annað PCI ferlið til kynningar. 198 verkefni eru þar til skoðunar sem PCI verkefni, þar af 30 á svæði NSOG (Northern Seas Offshore Grid), 17 sæstrengir, 12 innlend verkefni og 1 geymsluverkefni.

Fram kom að aðferðafræðin við mat á PCI verkefnum væri til skoðunar og umsagnar aðildarríkjanna. Farið var yfir hvers konar verkefni væru ekki talin hæf sem kandidatar fyrir PCI verkefni (e. *non-eligible projects*). Það var einna helst tvennt sem kemur í veg fyrir að verkefni væru talin með, þ.e. ef það væri tenging til ríkis utan evrópska efnahagssvæðisins, eins og verkefni frá Ítalíu til Montenegro. En einnig innlend verkefni sem ekki skiluðu nægilegu afli til millilandatengingar, en viðmið er 500 MW (e. *grid transfer capacity*). Það er mikilvægt að hafa í huga að innlend verkefni á Íslandi hafa möguleika á að komast á PCI listann ef þau uppfylla þetta skilyrði.

Næsti fundur NSOG verður 6. mars n.k. Fyrsta mál á dagskrá þess fundar verður að samþykkja þátttöku Íslands í svæðishópnum.

### 4. Önnur mál

Undir liðnum önnur mál sögðu RÁ og ÞG stuttlega frá fundi Landsvirkjunar og Landsnets í upphafi árs um hlutverk og aðkomu þessara fyrirtækja varðandi mögulegan sæstreng.

*Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 15:15.*

#### Gögn afhent á fundi:

- Dagskrá fundarins.
- Fundargerð 1. fundar.
- Drög að útboðslýsingu Ríkiskaupa.
- Hugmyndir frá ÞG um breytingu á texta 4. kafla í útboðslýsingu.
- Fundarboð á næsta NSOG fund.

# VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

## 3. fundur

**Fundartími:** 27. mars 2015 kl. 14.30.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Þórður Guðmundsson, Ragna Árnadóttir og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar, sem ritaði fundargerð.

**Gestir:** Óli Grétar Blöndal Sveinsson og Ríkarður Ríkarðsson frá Landsvirkjun.

### **Dagskrá:**

1. Fundargerð 2. fundar
2. Útboð vegna mats á áhrifum raforkusæstengs (kostnaðar- og nytjagreining).
3. Workshop on UK policy, 21. apríl kl. 14:00-17:00
4. Bréfaskipti við breska ráðherrann
5. Gestir - Landsvirkjun
6. Önnur mál

### **Fundargerð:**

1. Fundargerð 2. fundar.

IMP dreifði fundargerð frá fundi 2. Fundargerð var samþykkt án athugasemda.

2. Útboð vegna mats á áhrifum raforkusæstrengs (kostnaðar- og nytjagreining).

Upplýst var að tilboð vegna útboðsins voru opnuð um morguninn hjá Ríkiskaupum. 11 tilboð bárust í verkefnið, bæði frá innlendum sem erlendum aðilum. Sjö tilboð voru undir kostnaðaráætlun ráðuneytisins sem var 19.5 m.kr. Lægsta tilboð átti Straumur fjárfestingabanki með tilboð sem hljóðaði upp á 11.9 m.kr. Ríkisskaup munu nú meta hvort þau tilboð sem bárust uppfylli hæfisskilyrði útboðslýsingarinnar. Í kjölfarið mun ráðuneytið ganga til samninga við þann lægstbjóðanda sem uppfyllir skilyrðin. Ekki liggur fyrir hvenær það verður, en gera má ráð fyrir að það verði fljótlega eftir páska, að höfðu samráði við Ríkiskaup.

3. Workshop on UK policy, 21. apríl kl. 14:00-17:00

Á fundi með aðilum frá Atlantic Supergrid Connection, þeim Charles Hendry og Jonathan Brearley ásamt IMP, ESG og aðstoðarmanni ráðherra var samþykkt boð þeirra um að þau myndu vera með stutta fræðslu um breska regluverkið er snýr að sæstrengjum. Dagsetningin er 21. apríl n.k. Vinnufundinn er ætlaður verkefnisstjórninni eingöngu.

4. Bréfaskipti við breska ráðherrann

IMP fór yfir nýleg samskipti við breska orkumálaráðherra, Matthew Hancock, sem höfðu áður verið send verkefnisstjórninni. Ráðherra bauð Ragnheiði Elínu að fá sendar upplýsingar um breska regluverkið sem gætu nýst í starfi verkefnisstjórnarinnar. Ákveðið var að þiggja þetta boð og óska eftir þessum gögnum frá breska orkumálaráðuneytinu, DECC.

#### 5. Gestir – Landsvirkjun

Óli Grétar Blöndal Sveinsson og Ríkarður Ríkarðsson frá Landsvirkjun komu inn á fundinn og kynntu annars vegar sviðsmyndir orkuöflunar vegna sæstrengs og hins vegar mögulegt verðmódel fyrir strenginn. IMP skýrði frá því að hann hefði í janúar kynnt stöðu mála með almennum hætti fyrir Verkefnisstjórn um Rammaáætlun. Landsvirkjun upplýsti að fyrirhugað væri að Landsvirkjun færi einnig á fund hennar á næstunni.

#### 6. Önnur mál

Engin önnur mál voru til umræðu.

*Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.15.30.*

#### Gögn afhent á fundi:

-Dagskrá fundarins

-Fundargerð 2. fundar



# VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

## 4. fundur

**Fundartími:** 26. maí 2015 kl. 13:30.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Ragna Árnadóttir og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar. Þórður Guðmundsson var fjarverandi.

**Gestir:** Jakob Ásmundsson og Hallgrímur Björnsson frá Straumi fjárfestingarbanka.

### **Dagskrá:**

1. Gestir – Straumur
2. Önnur mál


### **Fundargerð:**

Jakob og Hallgrímur fóru yfir stöðu mál í kjölfar þess að kominn er á samningur á milli ráðuneytisins (verkkaupa) og Straums (verktaka) um kostnaðar- og ábatagreiningu vegna sæstrengs til Evrópu. Farið var almennt yfir hvernig verkefnið yrði unnið og hverjar kröfur verkkaupa eru.

Rætt var um að hafa annan fund í byrjun júlí þar sem lögð yrði fram verkáætlun. Samþykkt var að fresta skilum áfangaskýrslu frá 1. september til 15. september, vegna tafa í tengslum við útboð. Áfram er stefnt að því að skila lokaskýrslu á umsömdum tíma.

Önnur mál voru ekki rædd.

*Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.*



# VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

## 5. fundur

**Fundartími:** 13. ágúst 2015 kl. 13:30.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Ragna Árnadóttir, Þórður Guðmundsson og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar.

**Gestir:** Magnús Bjarnason og Lilja Rut Jensen frá Straumi / MP banka.

### **Dagskrá:**

1. Gestir – Straumur
2. Önnur mál

### **Fundargerð:**

Magnús fór yfir stöðu mála varðandi verkefni Straums og Pöyry um kostnaðar- og ábatagreiningu vegna sæstrengs til Evrópu. Lögð var fram kynning á bankanum og hvernig hvernig verkefnið yrði unnið og hversu langt á veg það er komið. Gerð var grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á þeirri stýrinfund og starfsmönnum sem koma að verkefninu, í kjölfar breytinga á Straumi í sumar.


Farið var yfir verkáætlun og þær áherslur sem koma þurfa fram í skýrslunni og efnisatriði sem taka þarf á, samanber verklýsing í útboðslýsingu. Í kjölfar fundarins mun verktaki skila endanlegri verkáætlun til verkkaupa.

Rætt var um að hafa aftur fund með verktaka um miðjan september og síðan Workshop í byrjun október. Óskað var eftir fresti til að skila áfangaskýrslu til 15. október (vegna breytinga á Straumi) og var fallist á það. Jafnframt var fallist á þá beiðni að lokaskýrslu yrði skilað 15. janúar 2016 (í stað 1. janúar).

Að lokinni kynningu Straums var rætt um að boða Orkustofnun á næsta fund til að fara yfir þau verkefni sem stofnunin hefur verið að vinna og tengjast sæstreng. Samþykkt var að boða til fundar seinni part í fyrstu viku september.

Önnur mál voru ekki rædd.

*Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.*



## VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

### 6. fundur

**Fundartími:** 24. september 2015 kl. 15:00.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Ragna Árnadóttir, Þórður Guðmundsson og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar.

**Gestir:** Rósant Már Torfason og Lilja Rut Jensen frá Straumi / MP banka. Guðni A. Jóhannesson, Rán Jónsdóttir frá Orkustofnun og Magnús Júlíuson fyrrverandi starfsmaður Orkustofnunar.

#### **Dagskrá:**

1. Gestir – Straumur/MP banki
2. Gestir - Orkustofnun
3. Önnur mál


#### **Fundargerð:**

Rósant fór yfir stöðu mála varðandi verkefni Straums og Pöyry um kostnaðar- og ábatagreiningu vegna sæstrengs til Evrópu. Þrjár sviðsmyndir verða gerðar sem miða við spá um mismikla raforkueftirspurn. Fram kom að í gangi er efnisöflun fyrir verkefnið auk þess sem fundað er með hagsmunaaðilum. IMP óskaði eftir að verkefnisstjórnin fengi upplýsingar um við hvaða hagsmunaaðila haft hefði verið samband við vegna verkefnisins.

Rætt var um Workshop fund 5. október með verkefnisstjórn og verksala kostnaðar- og ábatagreiningarinnar. Verkefnisstjórn mun fá forsendur sendar fyrir fundinn. ÞG óskaði eftir sérstökum fundi síðar um bilanir og áhættugreiningu og var tekið vel í það.

Orkustofnun lagði fram skýrslu sína um kortlagningu á eftirspurn innlendra aðila eftir raforku næstu árin og mat á afgangorku í íslenska raforkukerfinu. Notkun almennings og fyrirtækja mun skv. Orkuspá aukast um 87% til ársins 2050 og fara úr 18TWst í um 22 TWst. Samkvæmt skýrslunni er töluvert af afgangorku í orkukerfi Íslands, áætlað frá hálfri TWst í um 4 TWst þegar afgangorkan er hvað mest. Önnur mál voru ekki rædd.

*Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30.*



# VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

## 7. fundur

**Fundartími:** 5. október 2015 kl. 13:30.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Ragna Árnadóttir, Þórður Guðmundsson og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar.

**Gestir:** Magnús Bjarnason, Rósant Már Torfason og Sigurður Atli Jónsson frá Straumi / MP banka. Michel Martin frá Pöyry.

### **Dagskrá:**

1. Gestir – Straumur/MP banki og Pöyry
2. Önnur mál


### **Fundargerð:**

Michel Martin frá Pöyry kynnti drög að fyrstu frumniðurstöðum kostnaðar- og ábatagreiningarinnar og forsendum hennar. Þrjár sviðsmyndir voru gerðar sem miða við spá um mismikla raforkueftirspurn (lág-, mið- og háspá). Jafnframt voru gerðir útreikningar miðað við þrenns konar viðskiptalíkön fyrir strenginn. Fram kom að viðskiptalíkanið sem byggir á „Contracts for difference“ er með stöðugustu afkomu miðað við mismunandi eftirspurnarspár, meiri áhætta er fólgin í hinum tveimur líkönunum. Að lokum var gert grein fyrir fyrstu niðurstöðum um áhrif á verð til raforkunotenda. Ljóst er að raforkuverð mun hækka, hvort sem um streng verði að ræða eða ekki, þar sem aukin eftirspurn í framtíðinni leiðir til hækkandi verðs og dýrari virkjanakosta. Í dæmaskyni var nefnt að þannig muni raforkureikningur miðað við 5000 kWst notkun í Reykjavík hækka um 3.700 kr án strengs, en um 11.800 kr með streng.

Tekið var fram að enn er um verk í vinnslu að ræða og umfjöllun um „impacts“ vegna sæstrengs er eftir, auk fleiri þátta.

Boðað var til styttri framhaldsfundar þann 19. október þar sem nánar verður farið í ýmsa þættu, m.a. áhættumat strengsins. Önnur mál voru ekki rædd.

*Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:40.*





# VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

## 8. fundur

**Fundartími:** 19. október 2015 kl. 13:30.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Þórður Guðmundsson og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar. Ragna Árnadóttir var fjarverandi.

**Gestir:** Magnús Bjarnason, Kvikú.

### **Dagskrá:**


1. Gestir – Kvikú
2. Önnur mál

### **Fundargerð:**

Magnús Bjarnason frá Kvikú kynnti tillögur að breyttum forsendum fyrir kostnaðar- og ábatagreiningu vegna sæstrengs. Þær fólu í sér að skoða tvær lengdir sæstrengs, þ.e. 1000 og 1250 km í næmnigreiningu. Auk þess var lagt til hærra WACC, eða 7,9% í stað 7,5%. Magnús sagði frá fundum með hagsmunaaðilum. Ingvi óskaði eftir lista yfir hagsmunaaðila sem rætt hefur verið við. Ingvi lagði áherslu á að fylgja fyrirmælum í texta útboðslýsingar. Umræða var um kafla um áhættumat strengsins. Áfangaskýrsla frá Kvikú er væntanleg um miðjan nóvember. Verkefnið er á áætlun samkvæmt Magnúsi.

Önnur mál voru ekki rædd.

*Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.*



# VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

## 9. fundur

**Fundartími:** 16. nóvember 2015 kl. 13:30..

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Ragna Árnadóttir, Þórður Guðmundsson, Benedikt Árnason og Benedikt Gíslason. Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar, var fjarverandi.

**Gestir:** Engir.

### **Dagskrá:**

1. Nýjir starfsmenn verkefnisstjórnar
2. Nýtt hlutverk verkefnisstjórnar
3. Önnur mál

### **Fundargerð:**

Nýjir starfsmenn verkefnisstjórnar, BÁ og BG, voru boðnir velkomnir. Farið var yfir störf verkefnisstjórnar fram til þessa og tilgang með stofnun verkefnisstjórnar. Dreift var yfirliti yfir verkefni 8 sem verkefnisstjórn hefur umsjón með og farið yfir stöðu hvers þeirra.

Jafnframt var dreift þeim bréfaskiptum sem átt hafa sér stað á milli ráðuneytisins og DECC á þessu ári.


Rætt var um nýtt hlutverk verkefnisstjórnar, þ.e. að hefja könnunarviðræður við bresk stjórnvöld.

Ákveðið var að verkefnisstjórn (IMP fyrir hennar hönd) myndi senda bréf til DECC þar sem gerð er grein fyrir nýju hlutverki verkefnisstjórnar í kjölfar fundar forsætisráðherra beggja landa, og jafnframt lagt til að fyrsti fundur milli DECC og verkefnisstjórnar yrði haldinn í Reykjavík 16. desember.

Ákveðið var að verkefnisstjórn myndi í sameiningu setja slíkt bréf saman. Farið var yfir drög að slíku bréfi.

Ákveðið var að næsti fundur verkefnisstjórnar yrði 30. nóvember og að þar yrði farið nánar yfir stöðu mála og frekari gögnum komið á framfæri við BÁ og BG. Ákveðið var að á þann fund kæmu fulltrúar Kviku og færu yfir áfangaskýrslu vegna kostnaðar- og ábatagreiningar.

*Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.*



# VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

## 10. fundur

**Fundartími:** 30. nóvember 2015 kl. 13:30.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, formaður, Benedikt Árnason, Benedikt Gíslason, Ragna Árnadóttir, Þórður Guðmundsson og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar.

**Gestir:** Frá Kviku: Magnús Bjarnason, Rósant Már Torfason, Sigurður Hannesson, Sigurður Atli Jónsson. Frá Landsvirkjun: Hörður Arnarson, Óli Grétar Blöndal Sveinsson, Björgvin Skúli Sigurðsson.

### **Dagskrá:**

1. Gestir – Kvika
2. Gestir - Landsvirkjun
3. Önnur mál

### **Fundargerð:**

Á fyrri hluta fundarins voru gestir frá Kviku. Magnús Bjarnason kynnti áfangaskýrslu Kviku og fyrstu niðurstöður kostnaðar- og ábatagreiningar. Kvika hefur fengið undirverktaka að verkefninu sem eru BBA legal og Analytica. Verkefnið er á áætlun og er enn miðað við skil skýrslu um miðjan janúar.

Heildarábati er áætlaður 2,7-7,1 milljarða Evra eftir því við hvaða sviðsmynd og viðskiptalíkan er miðað við. Verðáhrif á raforkuneytendur á Íslandi eru áætluð 6-12 evrur/MWst til hækkunar. Hugmyndir að mótvægisáðgerðum til að mæta hækkunum voru kynntar. Ítarlegri umfjöllun um CFD kerfi (e. Contracts for Difference) verður sett fram í lokaútgáfu skýrslunnar.

Kvika áætlar að skila skýrslu á ensku en hafa útdrátt á íslensku. Ragna Árnadóttir benti á nauðsyn þess að þýða skýrsluna á íslensku.

Ingvi Már tilkynnti fulltrúum Kviku að í kjölfar þess að ákveðið var að fara í könnunarviðræður við Breta, að skýrslan yrði gerð opinber samhliða niðurstöðum könnunarviðræðna í vor. Það er gert í ljósi þess að mögulega komi fram upplýsingar í könnunarviðræðunum sem breytt, eða gætu bæst við skýrslu þá sem nú er unnið að.

Fundað var með gestum frá Landsvirkjum á seinni hluta fundarins. Fulltrúar Landsvirkjunnar kynntu stöðu verkefnisins eins og það snýr að fyrirtækinu og afhentu nefndarmönnum yfirlitsskjal, „Kynning á stöðu ICELINK verkefnis“. Umfjöllun var um upplýsingar sem mikilvægt væri að afla í könnunarviðræðum. Form viðskiptalíkans ákveður hvar áhætta og hagnaður lendir.

Ingvi spurði nánar út í fund Landsvirkjunnar og annarra orkufyrirtækja með DECC haustið 2014. Samkvæmt Herði, þá hafa Bretar áhuga á föstu raforkuframboði (e. baseload), á meðan besta staða

fyrir Landsvirkjun er 65% hlutur fastur útflutningur, en afgangurinn yrði háður verðsveiflum á markaði (e. arbitrage). Þá hafi komið fram í viðræðum við Breta, að verðviðmið þeirra fyrir sæstreng, væri kjarnorka, en ekki vindframleiðsla á hafi (e. off-shore wind).

Ingvi sagði frá mögulegum fyrsta fundi könnunarviðræðna 16. desember n.k. , en beðið væri eftir staðfestingu Bretanna. Nefndin þyrfti að hittast áður til að undirbúa könnunarviðræður. Ingvi afhenti nýjum nefndarmönnum viðbótargögn sem nefndin hafði fengið afhent, m.a. frá Atlantic Supergrid.

Önnur mál voru ekki rædd.

*Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00.*

## VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

### 11. fundur verkefnisstjórnar / 1. fundur ICELAND-UK Task Force

**Fundartími:** 16. desember 2015 kl. 10:00.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Árnason, Benedikt Gíslason, Ragna Árnadóttir, Þórður Guðmundsson, Guðni A. Jóhannesson og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar.

**Gestir:** Frá breskum stjórnvöldum: Stuart Gill sendiherra á Íslandi, Stephen Heidari-Robinson og Joshua Buckland frá forsætisráðuneyti, Sue Harrisson, Matt Coyne og Jane Walker frá orku- og loftslagsráðuneyti, Stephen Beel frá Ofgem og Pétur Stefánsson frá UK Trade and Investment.

#### **Dagskrá:**

1. Kynning á fundargestum
2. Dagskrá kynnt og samþykkt
3. Kynning á starfi verkefnisstjórnar um sæstreng – Ingvi Már Pálsson
4. Kynning á íslenska raforkukerfinu – Guðni Jóhannesson
5. Kynning „Interconnector projects and regulatory framework“ – Matt Coyne og Jane Walker
6. Umræður um næstu skref

#### **Fundargerð:**

Fundur þessi var fyrsti fundur sameiginlegs vinnuhóps stjórnvalda Íslands og Bretlands, sem settur var á laggirnar eftir heimsókn David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, haustið 2015.

IMP setti fundinn. Að loknum inngangi var farið yfir dagskrá og markmið fundarins. Sameiginlegur skilningur hjá báðum aðilum að markmið væri ekki samningaviðræður um fyrirkomulag með sæstreng, heldur gagnkvæm upplýsingaöflun.

1. IMP kynnti framgang verkefnis um sæstreng frá maí 2012, þegar MOU (Memorandum of Understanding) var undirritað milli orkumálaráðherra Íslands og Bretlands. Sömmuleiðis kynnti hann þau 8 verkefni sem er unnið að á vettvangi verkefnisstjórnarinnar.

SH hafði fyrirvara á því að væri skýrsla um kostnaðar- og ábatagreiningu væri unnin einhliða. Betur færi á því að ríkin ynnu slíka skýrslu sameiginlega, svo sameiginlegur skilningur væri á helstu forsendum.

2. GAJ var með almenna kynningu um raforkuframleiðslu Íslands. Fundargestir ræddu m.a. í þessu samhengi sjálfbærni jarðhitans, árstíðabundna framleiðslu vatnsaflsvirkjana, fjármögnun virkjana, almenningsálit og möguleika djúpbörunar og vindorku.
3. MC og JW kynntu stöðu orkumála í Bretlandi og regluverk fyrir sæstrengsverkefni í Bretlandi. Fram kom að Bretland stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum hvað varðar orkuframboð

m.a. vegna úreldingar kolaverksmiðja. Bretar hyggjast mæta orkuþörf með nýrri framleiðslu, vindorku, kjarnorku og einnig með tengingum til annarra ríkja. Bretland hefur í dag 4 tengda sæstrengi og eru 9 til viðbótar á teikniborðinu. Þá kom fram að stjórnvöld ákvarði ekki tæknilegar lausnir, heldur er markaðurinn sem velur hagkvæmustu framleiðslukostina. Nýlega hafi komið fram af hálfu orkumálaráðherra Bretlands, Amber Rudd, að stefna stjórnvalda væri sú að draga úr styrkjum þegar tæknilegar lausnir eru orðnar hagkvæmar og geta staðið á eigin fótum. Þá er stefnt að samkeppnishæfum raforkumarkaði með sem minnstum afskiptum stjórnvalda fyrir 2025. Áherslan er á samkeppni og fráhrarf frá ríkisstyrkjum, sbr.: „*We want to see a competitive electricity market, with government out of the way as much as possible, by 2025. Subsidy should be temporary, not part of a permanent business model. When costs come down, as they have in onshore wind and solar, so should support.*“

4. Fram kom að breska regluverkið hefði möguleg þrjú viðskiptalíkön fyrir sæstrengi, „Merchant, Cap and Floor og Regulated“. Það síðastnefnda hefur þó ekki verið notað á Bretlandseyjum, en er algengt í Evrópu. Síðan var kynnt til sögunnar styrkjakerfi fyrir lágkolefnisframleiðslu, s.k. „Contracts for Difference“. Styrkjakerfi þetta væri uppboðskerfi með mismunandi pottum fyrir mismunandi framleiðslu, hvort þær séu nýjar eða þroskaðar tæknilausnir. Fjármagn sem ætlað er verkefnunum er búið að útteila til verkefna til ársins 2021. Fram kom að að svo stöddu væru ekki uppi áform um að nýta CfD til verkefna fyrir utan Bretland.
5. Umræður voru um viðskiptalíkön og afhendingu orku frá Íslandi. Í umræðu um viðskiptalíkön kom fram vilji Íslands til að skoða CfD kerfið en fram kom hjá breskum stjórnvöldum að Cap and Floor kerfið væri það líkan sem þau kjósa helst að byrja að skoða fyrir sæstrengi. Rætt var um mögulegan notkunartíma/álagstíma strengsins og reifaðar hugmyndir Landsvirkjunar um 60% notkunartíma. Fram kom hjá B.A. að töluverð áhætta væri fólgin í fjárfestingu í sæstreng fyrir íslenska ríkið, því væri líkan sem gerði eingöngu ráð fyrir verðmismun (arbitrage), ekki mögulegt, þar sem þá væri afraksturinn eftir hjá eiganda strengsins. Rætt var um möguleg verðhækkunar á Íslandi vegna strengs.
6. Rædd voru næstu skref verkefnisstjórnarinnar. Ákveðið var að skiptast á gögnum, m.a. CBA skýrslu sem Landsvirkjun hafði látið gera (Beringa skýrsla). Þá höfðu Bretar áhuga á að skoða forsendur fyrir núverandi verkefni sem er í vinnslu hjá Kvik. Einnig þyrfti að skoða grundvallarspurningar fyrir verkefnið.
7. Fundarmenn vour sammála um að viðræðurnar væru í trúnaði og ekki yrði upplýst um niðurstöður þeirra fyrr en í vor þegar þeim lýkur. Á meðan eru öll skjöl vinnugögn og bundin trúnaði.
8. Ákveðið var að stefna að því að halda næsta fund verkefnisstjórnar í lok janúar í London. Og jafnframt í kjölfarið að leggja niður fundarplan fyrir næstu fundi. Jafnframt var ákveðið að skoða með að fela Orkustofnun að ræða við OFGEM vegna atriða sem tengjast sæstreng, og að Landsnet tali með sama hætti við kerfisstjórnann í Bretlandi. Sem liður í söfnun upplýsinga.

Önnur mál voru ekki rædd.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00.



# VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

## 12. fundur verkefnisstjórnar

**Fundartími:** 8. janúar 2016 kl. 9:00.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Árnason, Benedikt Gíslason, Ragna Árnadóttir, Þórður Guðmundsson, Guðni A. Jóhannesson og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar.

**Gestir:** Frá Landsnet: Guðmundur Ingi Ásmundsson og Sverrir Jan Norðfjörð

### **Dagskrá:**

1. Drög skýrslu Kvikú
2. Gestir frá Landsneti
3. Önnur mál
4. Næstu skref

### **Fundargerð:**

1. Nefndarmenn ræddu drög skýrslu Kvikú sem afhent var í vikunni. Fram komu ýmsar ábendingar um það sem mætti bæta við skýrsluna. Þau viðskiptalíkön sem kynnt eru í skýrslunni eru töluvert frábrugðin því líkani sem Landsvirkjun hefur unnið með. Lagt var til að hitta fulltrúa Kvikú á næsta fundi. Sömuleiðis væri ráð að senda skýrsluna í trúnaði til helstu haghafa (Landsnet, Orkustofnun, Landsvirkjun) og fá viðbrögð þeirra.
2. GlÁ og SJN kynntu samstarfsverkefni Landsnets, Landsvirkjunar og National Grid varðandi tæknilega þætti sæstrengs ásamt viðskiptalíkönunum. Fram kom að fýsileikakönnun væri í vinnslu og von væri á niðurstöðum hennar í mars 2016. Umræða var um styrkingar innanlandskerfa, heildsölumarkaði og áhrif mismunandi viðskiptalíkana á innlandan raforkumarkað.
3. Önnur mál. Rætt var um hlutverk helstu aðila, og hvort tvíhliða viðræður ættu að vera samhliða starfi og í umboði verkefnisstjórnarinnar. T.a.m. annars vegar viðræður Orkustofnunar og Ofgem og hins vegar Landsnet og National Grid ræði saman og skili svo verkefnisstjórn niðurstöðum þeirra umræðna. ESG minnti á fund um PCI verkefni sæstrengs sem væri haldinn 11.janúar með fulltrúum þeirra sem standa að verkefninu um sæstreng („project providers“) ásamt ráðuneytinu og Orkustofnun.
4. Næstu skref.
  - a. Ákveðið var að boða til fundar með Kvikú næsta föstudag.
  - b. Bretar hafa stungið upp á dagsetningu fyrir næsta sameiginlega fund. Tillaga um að stinga upp á 1. febrúar.
  - c. Drög Kvikuskýrslu verða send til yfirlestrar til Landsnets, Landsvirkjunar og Orkustofnunar.

Önnur mál voru ekki rædd.

*Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.*

# VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

## 13. fundur verkefnisstjórnar

**Fundartími:** 15. janúar 2016 kl. 9:30.

**Fundarstaður:** Húsnæði Kvikú í Borgartúni

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Árnason, Benedikt Gíslason, Ragna Árnadóttir, Þórður Guðmundsson, Guðni A. Jóhannesson og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar.

**Gestir:** Frá Kvikú: Magnús Bjarnason, Rósant Már Torfason, Sigurður Hannesson og Sigurður Atli Jónsson

### **Dagskrá:**

1. Skýrsla Kvikú
2. Næstu skref
3. Önnur mál

### **Fundargerð:**

1. Kvikú stefnir að því að ljúka skýrslunni og skyldum gagnvart útboðinu fyrir mánaðamótin. IMP tilkynnti að skýrslan væri í rýni hjá Landsvirkjun og Landsneti og von væri á ábendingum eða fyrirspurnum frá fyrirtækjunum sem mögulega þyrfti að taka afstöðu til í skýrslunni.

RMT frá Kvikú kynnti meginniðurstöður skýrslu Kvikú og Pöyry. Nefndarmenn voru með ýmsar ábendingar, þ.á.m. að munur væri á viðskiptalíkönnum eins og þeim væri stillt upp í skýrslunni, og þeim líkönnum sem annars vegar Bretar hafa kynnt og hins vegar líkan sem Landsvirkjun hefur unnið með. ÞG óskaði eftir meiri umfjöllun um raforkumarkað (spot markað) sem möguleika hér á landi. Einnig dró hann í efa að 7,9% arðsemi væri nægjanleg í ljósi áhættu fjárfestingarinnar. Þá væri ekki sanngjarnt að sæstrengsverkefnið væri látið bera hluta af uppbyggingu innviða á Bretlandseyjum (forsendan um 1200 km).

2. Næstu skref.
  - a. Ákveðið að boða til fundar með fulltrúum Kvikú og Landsvirkjun og Landsneti til að fara nánar yfir ábendingar fyrirtækjanna en drögin hafa verið í rýni hjá Landsvirkjun og Landsneti.
  - b. Kvikú ásamt Pöyry verður með kynningu á skýrslunni þann 8.febrúar. Ákveðið að fram fari tvíhliða umræður raforkueftirlitsaðila og flutningsfyrirtækja í tengslum við fundinn með Bretum í London 8.febrúar n.k. Önnur mál voru ekki rædd.

*Önnur mál ekki rædd. Fundi slitið kl. 12:00.*



# VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

## 14. fundur verkefnisstjórnar

**Fundartími:** 21. janúar 2016 kl. 13:00.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Gíslason, Ragna Árnadóttir, Þórður Guðmundsson, Guðni A. Jóhannesson og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar.

**Gestir:** Frá Kviku: Rósant Már Torfason, Frá Landsvirkjun: Björgvin Skúli Sigurðsson og Þórólfur Nielsen

### **Dagskrá:**

1. Skýrsla Kviku
2. Næstu skref
3. Önnur mál

### **Fundargerð:**


1. IMP opnaði fundinn og útskýrði að tilefni fundarins væri það að gefa Landsvirkjun og Landsneti tækifæri til að koma sínum ábendingum á framfæri við skýrsluhöfunda. Ekki væri þó krafa um að gera grundvallarbreytingar á skýrslunni ef hún uppfyllti kröfur útboðsskilmálanna að öllu leyti. Fulltrúar Landsnets sáu sér ekki fært að koma á fundinn vegna annars fundar sem þeir þurftu að sækja á sama tíma.

BSS kynnti minnisblað með ábendingum LV sem sent hafði verið fyrir fundinn. Í minnisblaðinu var gerður samanburður á hinum mismunandi viðskiptalíkönum og þeim sem LV hefur unnið með. Bæta mætti við umfjöllun um þær undanþágur sem þörf er á samkvæmt evrópsku regluverki fyrir sæstrengi fyrir mismunandi viðskiptalíkön. Ábending var um arðsemiskröfuna 7,9%, að hún skuli vera sú sama fyrir mismunandi líkön, óháð áhættu. Tímabil CfD samnings (15 ár) er talið of stutt m.v. efnahagslegan líftíma strengs (25 ár) og Hinkley point kjarnorkuverið (35 ár). Einnig var bent á ýmisleg varðandi mismunandi niðurstöður fyrir ábata í skýrslunni. Þá var bent á orðalag sem mætti vera skýrara sums staðar í skýrslunni.

2. Næstu skref.
  - a. Samningur um aukaverkefni við Kviku er til skoðunar í ANR.
  - b. Fundur 8.febrúar í London.

*Önnur mál ekki rædd.*

*Fundi slitið kl. 15:00.*



## VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

### 15. fundur verkefnisstjórnar

**Fundartími:** 27. janúar 2016 kl. 13:30.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Árnason, Ragna Árnadóttir og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar.

**Gestir:** Frá Kviku: Rósant Már Torfason og Sigurður Atli Jónsson

#### **Dagskrá:**


1. Undirbúningur fyrir fund í London 8. feb. n.k.
2. Næstu skref

#### **Fundargerð:**

1. Fundur í London 8. febrúar. IMP skrifaði undir samning um viðbótarverk Kviku vegna fundarins í London. Umræða var um hvort einhverjar viðkvæmar upplýsingar væru í skýrslu Kviku sem ættu á þessu stigi ekki að berast til gagnaðila. Lagt var til að trúnaðaryfirlýsing yrði hluti endanlegrar skýrslu. Gerður verður um 30 blaðsíðna útdráttur á íslensku. Umræða var um mismunandi viðskiptalíkön og þá meginniðurstöðu skýrslu að erfitt væri að fá fjárfesta að borði nema fyrir tilvikið þar sem lagt er upp með langtímastyrki bresku ríkisstjórnarinnar fyrir endurnýjanlega orkugjafa (CfD). Einnig var áréttað að skýrslan væri hefðbundin kostnaðar- og ábatagreining en ekki væru skoðuð mismunandi eigendaform fyrir strenginn. Þetta skýri breytileikann á milli líkana skýrslunnar og þess sem Landsvirkjun hefur lagt upp með auk annarra þátta s.s. varðandi nýtingartíma strengsins. Umfjöllun var um efnistöð kynningar Kviku/Pyöry á fundinum í London.
2. Næstu skref.
  - a. Kynning á niðurstöðum Kvikuskýrslu fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðherra.
  - b. Undirbúningsfundir 4. febrúar vegna Londonferðar.

*Önnur mál ekki rædd.*

*Fundi slitið kl. 16:00.*





## VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

### 16. fundur verkefnisstjórnar

**Fundartími:** 4. febrúar 2016 kl. 13:30.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Árnason, Benedikt Gíslason, Guðni A. Jóhannesson, Ragna Árnadóttir og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar.

**Gestir:** Frá Kviku: Rósant Már Torfason og Sigurður Atli Jónsson. Frá ANR: Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

#### **Dagskrá:**


1. Undirbúningur fyrir fund í London 8. feb.
2. Tillaga um vinnuáætlun UK-ICE task force.

#### **Fundargerð:**

1. RMT fór yfir endanlegu kynningun Kviku/Pyöry í London 8. febrúar n.k. IMP sagði að sá fyrirvari yrði gerður á kynningunni gagnvart Bretum, að skýrslan væri unnin af sjálfstæðum ráðgjafa og lýsti ekki með neinum hætti afstöðu stjórnvalda til verkefnisins. REÁ vakti máls á því hvort eitthvað væri í skýrslunni sem gæti skaðað einhverja hagsmuni á síðari stigum. Sömuleiðis væri að hennar mati viðkvæmt að afhenda skýrsluna í heilu lagi þar sem ríkisstjórn hefur ekki enn fengið hana í hendurnar.
2. Umræða var um tillögu Breta að sameiginlegri vinnuáætlun fram á vorið. Þar er m.a. gert ráð fyrir tvíhliðasamskipti eftirlitsaðila, flutningsfyrirtækja og aðstoðarmanna ráðherra. Búið er að setja á dagskrá eftirlitsaðilanna, Orkustofnunar og Ofgem þann 9. febrúar, sem GÁJ sækir. RÁ sagði frá samráðsfundi Landsvirkjunar og Landsnets þar sem farið var yfir mismunandi áherslur fyrirtækjanna varðandi strenginn.
3. Næstu skref.
  - a. Fundur í London 8. febrúar n.k.

*Önnur mál ekki rædd.*

*Fundi slitið kl. 16:00.*



## VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

### 17. fundur verkefnisstjórnar / 2. fundur ICELAND-UK Task Force

**Fundartími:** 8. febrúar 2016 kl. 10:00.

**Fundarstaður:** OFGEM, London

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Árnason, Benedikt Gíslason, Guðni A. Jóhannesson, Ragna Árnadóttir, Þórður Guðmundsson og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar.

**Gestir:** Frá breskum stjórnvöldum: Stephen Heidari-Robinson frá forsætisráðuneyti, Sue Harrisson, Matt Coyne og Jane Walker frá orku- og loftslagsráðuneyti, Stephen Beel og Ruben Aiken frá Ofgem og Pétur Stefánsson frá UK Trade and Investment. Frá Kvik: Rósant Már Torfason og Sigurður Hannesson. Frá Pyöry: Michel Martin, Gareth Davis.

#### **Dagskrá:**


1. Kynning Kvik/Pyöry. Spurningar og svör
2. Umræða tengingu við Evrópumarkað, markmið, skilagögn og vinnuáætlun.
3. Önnur mál

#### **Fundargerð:**

1. Kynning Kvik/Pyöry. IMP var með þann fyrirvara fyrir kynningu á skýrslu Kvik/Pyöry, í fyrsta lagi að ekki væri búið að gera skýrsluna opinbera og hún væri trúnaðargagn, og í öðru lagi þá endurspeglar niðurstöður skýrslunnar ekki skoðun stjórnvalda á verkefnið um sæstreng. RMT, MM og GD kynntu forsendur og niðurstöður skýrslunnar. Ábending kom frá SHR um að fremur ætti að miða við að sæstrengur hefði ruðningsáhrif gagnvart kjarnorku heldur en vindframleiðslu á hafi.
2. Umræða var um tillögu Breta að sameiginlegri vinnuáætlun fram á vorið. Kom fram hjá Bretum að næsta skref hjá þeim væri að taka saman endurgjöf á skýrslu Kvik/Pyöry. Einnig væri gert ráð fyrir tvíhliðasamskipti eftirlitsaðila, flutningsfyrirtækja og aðstoðarmanna ráðherra. SH nefndi viðræður við Framkvæmdastjórn ESB og að það væri litið jákvæðum augum að leggja verkefninu lið með viðbótarstyrkjum ef það hefur ekki fjárhagslega burði eitt og sér.
3. Næstu skref.
  - a. Fundur í Reykjavík 15. mars.

*Önnur mál ekki rædd.*

*Fundi slitið kl. 15:30.*



# VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

## 18. fundur verkefnisstjórnar

**Fundartími:** 12. febrúar 2016 kl. 13:00.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Árnason, Guðni A. Jóhannesson, Þórður Guðmundsson og Erla Sigríður Gestsdóttir, starfsmaður verkefnisstjórnar.

**Gestir:** Engir.

### **Dagskrá:**


1. Bréf frá breskum stjórnvöldum
2. Kynning á NAEN.
3. Fundur með Ofgem
4. Viðræður pólitískra aðstoðarmanna
5. Önnur mál

### **Fundargerð:**

1. IMP sagði frá því að borist hefði tölvupóstur frá breskum stjórnvöldum. IMP mun koma með uppkast að svari og leggja fyrir nefndina. Ýmsar spurningar í tölvupóstinum eru ótímabærar og varða pólitískar ákvarðanir sem ekki eru í höndum verkefnisstjórnarinnar.
2. GAJ kynnti verkefnið „North Atlantic Energy Network“ sem er samstarfsverkefni Orkustofnunar og Jarðfeingis í Færeyjum ásamt aðilum á Grænlandi, Hjaltlandseyjum og í Noregi. Þetta verkefni var styrkt af NORA sjóðnum.
3. GAJ sagði frá fundi sem hann átti með fulltrúum Ofgem í London.
4. BÁ sagði frá óformlegum viðræðum pólitískra aðstoðarmanna, SHR og BG. Þar hafi komið skýrt fram að Bretum hugnast ekki að fara leið CFD fyrir sæstrenginn. Fremur er lagt til að regluverk Cap-and-Floor verði endurskoðað þannig að það henti verkefninu. Þá er ekki jákvætt hve mikil áhersla er á vindorku í forsendum verkefnisins. Þá kom fram að SB frá Ofgem ætlar að hafa símafund við Björgvin Skúla hjá Landsvirkjun og einnig með Kvikú/Pyöry. IMP leggur til að fulltrúar úr nefndinni verði viðstaddir. Einnig er mikilvægt að beina beiðnum um fundi og samskipti í gegnum verkefnisstjórnina.
5. Næstu skref.
  - a. Fundur í Reykjavík 15. mars.

*Önnur mál ekki rædd.*

*Fundi slitið kl. 14:30.*



## VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

### 19. fundur verkefnisstjórnar

**Fundartími:** 4. mars 2016 kl. 13:30.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Árnason, Benedikt Gíslason, Guðni A. Jóhannesson, Þórður Guðmundsson, Ragna Árnadóttir .

**Gestir:** Frá Landsneti:

#### **Dagskrá:**


1. Landsnet fer yfir óformlega umsögn sína um skýrslu Kvikú (framhald frá fyrra fundi sem Landsnet komst ekki á). Fulltrúi Kvikú verður á þessum hluta fundarins, ásamt Landsneti.
2. Farið yfir það sem kom fram á símafundi með Pöyry, DECC og Kvikú 23. febrúar. Fulltrúi Kvikú verður með á þessum hluta fundarins.
3. Farið yfir stöðu mála, næstu skref og undirbúning fyrir næsta fund í task force 15. mars.
4. Önnur mál.

#### **Fundargerð:**

- 1.
2. Næstu skref.
  - a. Fundur Task Force í Reykjavík 15. mars.

*Önnur mál ekki rædd.*

*Fundi slitið kl. 14:30.*





## VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

### 20. fundur verkefnisstjórnar – 3. fundur UK-Iceland Task Force

**Fundartími:** 15. mars 2016 kl. 9:00-14.30.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Árnason, Benedikt Gíslason, Guðni A. Jóhannesson, Þórður Guðmundsson, Ragna Árnadóttir og Erla Sigríður Gestsdóttir.

**Gestir:** Frá breskum stjórnvöldum: Stuart Gill sendiherra á Íslandi, Joshua Buckland frá forsætisráðuneyti, Alistair Grainger, Sue Harrisson, Matt Coyne og Jane Walker frá orku- og loftslagsráðuneyti, William Tunningley frá utanríkisráðuneytinu, Stephen Beel og Stuart Borland frá Ofgem og Pétur Stefánsson frá UK Trade and Investment

#### **Dagskrá:**

1. Dagskrá kynnt
2. Bresk orkustefna kynnt
3. Viðbrögð breskra stjórnvalda við hagkvæmniathugun Kvikú/Pyöry
4. Bretar kynna möguleika núverandi regluverks
5. Niðurstöður umræðna milli raforkueftirlits ríkjanna tveggja
6. Íslenskt stjórnsmál og afstaða gagnvart sæstreng og orkuframleiðsla á Íslandi.
7. Kynning á tengikostnaði á Bretlandi
8. Umræður um markmið og vinnuáætlun
9. Önnur mál

#### **Fundargerð:**

1. IMP kynnti dagskrá sem var samþykkt.
2. Bresk orkustefna (Joshua Buckland og Jane Walker)

Almennt kom fram að bresk orkustefna miðaði að því að auka orkuöryggið, en ljóst er að auka þarf orkuframboð til að halda í við eftirspurn. Í meginefnum eru gas- og kjarnorkuver að taka við af úreltum kolaorkuverum á Bretlandseyjum. Áherslur Breta í því sem snýr að hreinorkuframleiðslu snúa einna helst að vindmyllum á hafi og sæstrengjum. Þá er jafnframt stefna stjórnvalda að draga úr styrkjum þegar tæknivalkostur hefur náð þannig þróun að hún sé að verða samkeppnishæf á markaði, þannig verði stuðlað að því að lækka verð til neytenda.

IMP spurði um nýlega skýrslu National Infrastructure Commission sem ber nafnið „Smart Power“ og fjallar um Íslandsstrenginn<sup>1</sup>. Þá kom fram að ráðuneyti orkumála starfar náið með þessari nefnd sem gegnir því hlutverki að vera stjórnvöldum til ráðgjafar.

---

1

### 3. Viðbrögð breskra stjórnvalda við hagkvæmniathugun Kvikú/Pyöry (Alistair Grainger)

Athugasemdir við skýrslu Kvikú/Pyöry snúa að eftirfarandi átta atriðum:

1. Tengikostnað á Bretlandi. Tengikostnaður hafi ekki verið tekið með í reikninginn.
2. Vindorka á landi. Bresk stjórnvöld líta ekki á vindorku á landi sem raunhæfan valkost og miða við að draga úr styrkjum til hennar. Kom á óvart hve stóran hlut hún gegnir í skýrslunni. Fremur er horft til jafnrar raforkuframleiðslu, heldur en slitróttra orkuvalkosta eins og vindorku (intermittent).
3. Kostnaðarupplýsingar. Ýmsar forsendur hvað varðar framleiðslukostnað voru ívið hærri en reiknað væri með.
4. Markaðsforsendur. Kostnaður hefur farið lækkandi í kjölfar útboða, t.a.m. vindur á hafi. Ekki er um nýjustu upplýsingar að ræða í skýrslunni.
5. Stærð kapals. Stærð kapla undir 1000 MW koma ekki til greina.
6. Viðskiptalíkon. Það virðist vanta samkeppnisþáttinn í viðskiptalíkon skýrslunnar. En bresk stjórnvöld leggja áherslu á mikilvægi samkeppnisþáttarins varðandi framleiðendur.
7. Tímaáætlun. Það vantar upplýsingar um tímaáætlun fyrir uppbyggingu orkugetunnar og áhættumat.
8. Íslenskur orkumarkaður. Ábending var um skort á gagnsæi raforkuverðs á Íslandi þar sem verð er bundið í samningum, en ekki sé starfræktur heildsölumarkaður fyrir raforku á Íslandi.

IMP þakkaði fyrir þessar ábendingar og óskaði eftir skriflegri samantekt. Þá tók hann fram að skýrsla Kvikú/Pyöry væri endanleg og ekki væri gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á henni. Nú stæði yfir þýðing á skýrslunni.

#### 4. Breskt regluverk og möguleg aðlögun að verkefninu (Stephen Beel)

Fjögur möguleg viðskiptalíkon voru kynnt og möguleikar á aðlögun skoðaðir, þ.a.m. líkan sem notað hefur verið fyrir vindmyllukerfi á hafi. Ákveðið var að undirhópur verkefnahópsins myndi skoða aðeins nánar möguleikana, hvort hægt sé að þróa þá aðeins lengra. SB og JW frá breskum stjórnvöldum og BG og GAJ frá íslensku hliðinni myndu fara nánari í þetta.

#### 5. Íslenskt stjórnsmál og afstaða gagnvart sæstreng og orkuframleiðsla á Íslandi (Benedikt Árnason og Guðni A. Jóhannesson).

BÁ var með kynningu á íslenskum hagstærðum, stjórnsmálum og afstöðu almennings gagnvart mögulegum sæstreng. GAJ kynnti innlenda framleiðslumöguleika.

#### 6. Kynning á tengikostnaði og kerfisstyrkingum á Bretlandseyjum (Stuart Borland)

Starfsmaður frá Ofgem var með kynningu um áhrif tengikostnaðar og lendingarstað kapals. Þá kynnti hann niðurstöður samstarfsverkefnis NGEBD og Landsvirkjunnar um mismunandi lendingarstaði. Þar kom Peterhead best út, sem þýddi lengri kapal en mun lægri kostnað við styrkingar.

#### 7. Umræður um markmið og vinnuáætlun

IMP þakkaði fyrir upplýsandi og skilvirkan fund. Þá vakti hann máls á því hvernig vinnuhópurinn ætti að skila af sér í maímánuði. Mögulega væri góð hugmynd að setja á laggirnar tvíhliðafund


orkuráðherra ríkjanna. Ekki væri raunhæft að leggja fram sameiginlega skýrslu hópsins, en sameiginleg yfirlýsing gæti verið heppilegra.

8. Næstu skref.

Lagt var til að næsti og mögulega síðasti fundur sameiginlega vinnuhópsins myndi verða í London í lok apríl.

*Önnur mál ekki rædd.*

*Fundi slitið kl. 14:30.*



## VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

### 21. fundur verkefnisstjórnar

**Fundartími:** 5. apríl 2016 kl. 14.00-15.30.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Árnason, Benedikt Gíslason, Guðni A. Jóhannesson, Ragna Árnadóttir og Erla Sigríður Gestsdóttir.

**Gestir:** Frá Orkustofnun: Kristinn Einarsson og Rán Jónsdóttir


#### **Fundargerð:**

1. Verkefni í gangi.
  - KE og RJ kynntu stuttlega niðurstöður þriggja verkefna sem eru í vinnslu hjá Orkustofnun fyrir verkefnisstjórnina. Verkefnin snúa að mati á raforkuþörf, uppbyggingu virkjana og möguleikum smávirkjana. Þessum verkefnum verður skilað 15. maí.
  - Unnið er að þýðingu á skýrslu Kviku yfir á íslensku.
  - Tvö verkefni um annars vegar þróun evrópska orkumarkaðarins og reynslu Norðmanna eru í vinnslu í ANR.
  - Starfshópur sem samanstendur af GÁJ og BG ásamt breskum kollegum frá Ofgem er að skoða nánar að sníða viðskiptalíkön fyrir sæstreng. Hópurinn mun eiga símafund með Bretunum 19. apríl n.k.
  - Unnið er að drögum að sameiginlegri yfirlýsingu bresk-íslenska starfshópsins þar sem dregin verður saman niðurstaða starfsins og viðræðnanna.
2. Næstu fundir

Næsti fundur verkefnisstjórnar verður 18. apríl. Næsti fundur bresk-íslenska starfshópsins verður 6. maí í London.

*Önnur mál ekki rædd.*

*Fundi slitið kl. 15:30.*



## VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

### 22. fundur verkefnisstjórnar

**Fundartími:** 18. apríl 2016 kl. 14.00-15.30.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Árnason, Benedikt Gíslason, Guðni A. Jóhannesson, Þórður Guðmundsson og Erla Sigríður Gestsdóttir.


#### **Fundargerð:**

1. Verkefni í gangi
  - Umræða var um samskipti við Breta um fund í maí og texta í sameiginlegri yfirlýsingu starfshópsins.
  - IMP sagði frá vinnu við lokaskýrslu verkefnisstjórnar.
  - Starfshópur sem samanstendur af GÁJ og BG átti fund með Landsvirkjun um viðskiptalíkön. Mikill munur er á forsendum viðskiptalíkana, annars vegar Kviku og þess sem Landsvirkjun hefur miðað við í sinni vinnu. Skýrsla Kviku gerir ráð fyrir stöðugum útflutningi raforku, á meðan LV hefur miðað við sveigjanlegri afhendingu orku, sem henti betur framleiðslumöguleikunum sem fyrirtækið býr yfir.
2. Næstu fundir

Næsti fundur bresk-íslenska starfshópsins verður 6. maí í London.

*Önnur mál ekki rædd.*

*Fundi slitið kl. 15:30.*





## VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

### 23. fundur verkefnisstjórnar

**Fundartími:** 2. maí 2016 kl. 13.30-15.00.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Gíslason, Guðni A. Jóhannesson, Ragna Árnadóttir og Erla Sigríður Gestsdóttir.

#### **Fundargerð:**


1. Verkefni í gangi
  - Starfshópur sem samanstendur af GÁJ og BG hefur átt símafund við Ofgem (Stephen Beel). M.a. þess sem var til umræðu var nýtingartími strengs.
  - Á næsta sameiginlega fundi með Bretum þann 6. maí, er áætlað að starfshópur Guðna og Ofgem kynni niðurstöður sínar um möguleg viðskiptalíkön. Einnig er áætlað að klára sameiginlega yfirlýsingu (*Joint declaration*) bresk-íslenska starfshópsins. Fram kom að ekki væri hægt að birta sameiginlega yfirlýsingu fyrir en eftir Brexit kosningarnar 23.júní, vegna hlutleysistímabils fyrir kosningar (*Purdah period*). Þá verður BÁ með lýsingu á stjórnmalalegt ástand á Íslandi.
  - Bretar hafa áhuga á framhald vinnu bresk-íslenska starfshópsins í nýjum fasa. Starfshópurinn var sammála um það, að fyrst þyrfti nýtt umboð frá stjórnvöldum áður en haldið er áfram með næsta fasa verkefnisins. Ein meginniðurstaða viðræðna við bresk stjórnvöld væri sú viðurkenning að þörf væri á sérsniðinni lausn fyrir íslensk-breskan streng.
  - IMP lýsti því hvaða gögn verða tekin saman í lokaskilum verkefnisstjórnarinnar. Um er að ræða þrjú skjöl:
    - Lokaskýrsla með lýsingu á 8 verkefnum, þ.m.t. skýrslu Kvikú/Pyöry.
    - Sameiginleg yfirlýsing bresk-íslenska starfshópsins.
    - Samantekt um viðræður við bresk stjórnvöld.

#### 2. Næsti fundur

Næsti fundur bresk-íslenska starfshópsins verður 6. maí í London.

*Önnur mál ekki rædd.*

*Fundi slitið kl. 15:00.*



## VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

### 24. fundur verkefnisstjórnar / 4. fundur ICELAND-UK Task Force

**Fundartími:** 6. maí 2016 kl. 10.00-13.00.

**Fundarstaður:** Breska orku- og loftslagsmálaráðuneyti ð (DECC), 3 Whitehall Place, London

#### **Fundarmenn:**

Frá íslenskum stjórnvöldum: Ingvi Már Pálsson, Benedikt Árnason, Benedikt Gíslason, Guðni A. Jóhannesson, Ragna Árnadóttir, Þórður Guðmundsson og Erla Sigríður Gestsdóttir.

Frá breskum stjórnvöldum: Rueben Aitken, Matt Coyne, Alasdair Grainger, Sue Harrison, Pétur Stefánsson, Josh Buckland, Giles Holford, Stephen Beel.

#### **Fundargerð:**

##### 1. Stjórn mála umhverfið á Íslandi

BÁ sagði frá nýskipaðri ríkisstjórn á Íslandi sem sett var á laggirnar í kjölfar afsagnar forsætisráðherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, og áætluðum kosningum í október næstkomandi. Flýting kosninga væri jákvæð niðurstaða að því leyti að gera má ráð fyrir að ákvörðun um framhald verkefnisins verður tekin fyrr en ella.

##### 2. Kynning frá undirhóp um regluverk og viðskiptalíkön

SB kynnti sameiginlega vinnu undirhóps um regluverk og viðskiptalíkön (með GAJ og BÁ). Greiningin hefur verið gagnleg en henni er ólokið og mun nýtast í næsta fasa verkefnisins. Rætt var um hugtakið „flexible base-load“ sem lýsir íslensku orkuframboði. Einnig var umræða um nýtingartíma strengsins. Bretar lögðu áherslu á markaðstengdar lausnir.

##### 3. Sameiginleg yfirlýsing

Fundurinn ræddi sameiginlegu yfirlýsinguna (*Joint statement*) og þá þætti sem þyrftu að koma fram í henni. IMP sagði að það væri ekki hlutverk nefndarinnar að koma með beinar tillögur í yfirlýsingunni. Umboð starfshópsins væri að afla upplýsinga (*fact-finding*).

JB hafði áhyggjur af því að taka fram CfD í yfirlýsingunni vegna innlendra aðila sem hefðu áhuga á sambærilegri yfirlýsingu fyrir sína framleiðslu. Að öðru leyti voru tillögur um minniháttar orðalagsbreytingar. Yfirlýsingin með breytingunum yrði send eftir fundinn.

Rætt var um hlutleysistímabilið fyrir kosningar (*Purdah period*) vegna bresku kosninganna og mögulega dagsetningu fyrir birtingu annars vegar sameiginlegrar yfirlýsingar og hins vegar lokaskýrslu íslenska starfshópsins. IMP lýsti því yfir að best færi á því að bæði skjölin væru birt samtímis, í lok júní, eftir Brexit kosningarnar. Ákveðið var að tengja saman upplýsingafulltrúa ríkjanna til að samhæfa viðbrögð í kringum birtingu gagna.

AG tók fram að mikilvægt væri að tengja ekki bresk stjórnvöld við CBA skýrslu Kviku/Pyöry þar sem hún hafi ekki verið unnin sameiginlega af báðum ríkjunum.

Formenn nefndanna þökkðu fyrir afar gott samstarf á undanfögnu hálfu ári. RA lagði til að að hafa símafund í júlí til að halda áfram óformlegum viðræðum. Þá verður þráðurinn mögulega tekinn upp í fasa 2 eftir kosningar í október.

*Önnur mál ekki rædd.*

*Fundi slitið kl. 13:00.*

## VERKEFNISSTJÓRN UM SÆSTRENG

### 25. fundur verkefnisstjórnar

**Fundartími:** 25. maí 2016 kl. 13.00-14.30.

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**Fundarmenn:** Ingvi Már Pálsson, Benedikt Árnason , Ragna Árnadóttir, Þórður Guðmundsson og Erla Sigríður Gestsdóttir.

#### **Fundargerð:**

##### 1. Sameiginleg yfirlýsing

Sameiginlega yfirlýsing frá stjórnvöldum Íslands og Bretlands er að verða tilbúin eftir smávægilegar orðalagsbreytingar.

##### 2. Nefndarlök

Farið var yfir lokaskjöl frá nefndinni og í hvaða formlega farveg vinnan þarf að fara í til að nefndin geti lokið störfum. Stefnt er að því að kynna skýrsluna opinberlega í lok júnímánaðar. Í millitíðinni verður skilafundur með ráðherra og tvær skýrslur lagðar fyrir ríkisstjórn. Undirbúa þarf fréttatilkynningu, fjölmiðlafund og samantekt eða „spurt-og svarað“.

*Önnur mál ekki rædd.*

*Fundi slitið kl. 14:30.*

